

Forvarnastefna Seltjarnarnesbæjar





SELTJARNARNESBÆR

Útgefandi: Seltjarnarnesbær, október 2009

Hönnun: Auglýsingastofa Pórhildar/2200.439
Prentun: Svansprent

Ávarp bæjarstjóra

Í meira en áratug hefur verið starfræktur samstarfs-
hópur um áfengis- og vímuvarnamál á Seltjarnar-
nesi. Hópurinn hefur unnið markvisst að stefnumörkun
og aðgerðum í forvarnamálum. Niðurstöður rann-
sókna, sem bæjarfélagið lætur vinna ár hvert, sýna
að góður árangur hefur náðst í forvarnamálum á
undanförnum árum. Nú hefur forvarnastefna Seltjarnar-
nesbæjar litið dagsins ljós og vil ég nota tækifærið
og óska bæjarbúum til hamingju með útgáfunu.

Seltjarnarnesbær hefur lengi státað af góðu samstarfi
leik-, grunn- og tónlistarskóla, félagsmiðstöðvar,
vinnuskóla, íþróttafélaga og menningarstofnana þegar
kemur að uppeldi og uppfræðslu barna og ungmenna.
Stutt er á milli stofnana sem þjónusta börnin og hafa
stjórnendur bæjarins lagst á eitt um að hafa gott
samráð við foreldra og aðra íbúa. Þannig hefur verið
lagður grunnur að virku forvarnastarfi. Með útgáfu
forvarnastefnunnar verður hægt að halda áfram upp-
byggingu á starfi fyrir börnin okkar og framtíðina.

Mikilvægt er að nefna hlutverk foreldra en þeir gegna
lykilhlutverki í forvarnastarfi. Rannsóknir sýna að
aukin samvera foreldra og barna dregur verulega úr
líkum á að börnin stundi áhættulífsstíl.

Ég vil því hvetja þig, kæri lesandi, til að leggja þitt af
mörkum. Veitum börnum okkar öryggi og umhyggju
og gefum þeim tíma. Í góðri samvinnu við foreldra og
aðra uppalendur, ásamt öflugum forvarnastarfi, tel ég
okkur, í sameiningu, geta tryggt til framtíðar öryggi
og vellíðan barna á Seltjarnarnesi eins og best verður
á kosið.

Með kærri kveðju,

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.



Forvarnastefna Seltjarnarnesbæjar

Höfuðmarkmið forvarna á Seltjarnarnesi er að börnum og ungmennum líði vel, þau búi við öryggi, umhyggju, þroskavænleg uppeldisskilyrði og lífi heilbrigðu lífi. Forvarnastefna Seltjarnarnesbæjar felur í sér almennar og sértækar leiðir sem allar miða að þeim markmiðum. Stefnan tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til 20 ára aldurs.

Á Seltjarnarnesi hafa áherslur og verkefni í forvarnamálum verið byggð á niðurstöðum helstu rannsókna sem framkvæmdar hafa verið hér á landi. Markmið rannsókna á ungmennum á landsvísu er að bera

saman stöðu ungmenna eftir landsvæðum, tengja saman þætti varðandi andlega og líkamlega líðan og lífsstíl þeirra, námsárangur og vímuefnaneyslu svo eitthvað sé nefnt. Þessar rannsóknir stuðla að því að aðgerðir í forvarnamálum á Seltjarnarnesi séu markvissar og árangursríkar. Unglingar á Seltjarnarnesi hafa komið vel út úr þessum rannsóknum síðustu ár og eru í heildina lítið góður hópur og duglegur. Yfirlit yfir rannsóknirnar og niðurstöður þeirra má finna á eftirfarandi vefslóð: www.seltjarnarnes.is/frettirogutgefidefni/skyrslur/felagsmal/.

Áherslur í forvarnastefnu Seltjarnarnesbæjar eftir aldri:

Frumbernska, 0-2 ára	Frumþarfir og tengslamyndun
Leikskólaaldur, 2-5 ára	Áhersla á umhyggju, aga og hvatningu
Fyrri grunnskólaár, 6-12 ára	Grunnur lagður að heilsteyptri sjálfsmynd og sjálfsvirðingu
Seinni grunnskólaár, 13-15 ára	Samvera með foreldrum sérlega mikilvæg
Framhaldsskólaaldur, 16-20 ára	Áhersla á eftirlit og stuðning foreldra um leið og einkalíf ungmenna er virt



Lykillinn að árangri í forvarnamálum er samvinna og samráð allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kennslu, þjálfun og annarri vinnu með börnum og ungmennum. Á Seltjarnarnesi hefur samvinna þessara aðila verið til fyrirmyndar. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut og muna að sofna ekki á verðinum. Bæjarfélagið kallar því áfram eftir virkri þátttöku bæjarbúa og starfsfólks, sem vinnur að þessum málum, til að viðhalda góðri stöðu í þessum málaflokkum. Árið 1995 var stofnaður samstarfshópur í áfengis- og vímuvarnamálum undir stjórn Seltjarnarnesbæjar til að stuðla að samráði og samvinnu þeirra sem tengjast börnum í bæjarfélaginu. Í dag er ljóst að þessi vinna samstarfshópsins hefur skilað Seltjarnarnesbæ í fremstu röð sveitarfélaga í málaflokknum.

Samstarfshópurinn er fjölskipaður og markar stefnu og aðgerðir í vímuvernum bæjarins. Markmið hópsins er að koma í veg fyrir neyslu ungmenna á ávana- og fíkniefnum. Hópurinn leggur áherslu á að vímuvarnir fléttist inn í daglega starfsemi stofnana og félaga

sem hafa með málefni barna og unglunga í bæjarfélaginu að gera en um leið að koma til móts við þarfir þeirra. Eftirtaldir aðilar skipa samstarfshópinn:

- Bæjarstjórn Seltjarnarness
- Félagsmálaráð
- Félagsþjónustan
- Íþrótt- og tómstundaráð
- Íþróttfélagið Gróttá
- Grunnskóli Seltjarnarness
- Foreldrafélag grunnskólans
- Félagsmiðstöðin Selið
- Lögreglan
- Íþrótt-, tómstunda- og æskulýðssvið
- Skólanefnd Seltjarnarness
- Vinnuskólinn
- Seltjarnarneskirkja
- Heilsugæsla Seltjarnarness



Leiðarljós

Forvarnastefna Seltjarnarnesbæjar er miðuð að börnum og ungmennum til 20 ára aldurs en á þeim aldri er sjálfsmýnd og sjálfsvirðing okkar að mótast ásamt lífsháttum, félagsfærni og virðingu fyrir öðrum manneskjum. Með stefnunni er áhersla lögð á eftirfarandi þætti enda eru þeir hver um sig afar mikilvægir til að góður árangur geti náðst í forvörnum.

1. Foreldrar gegna lykilhlutverki

Foreldrar bera meginábyrgð á högum, líðan og velferð barna sinna. Hvatning foreldra, aðhald, stuðningur og eftirlit skiptir sköpum fyrir farsæld barna og ungmenna. Rannsóknir hafa leitt í ljós að samvera barna og foreldra hefur mikið forvarnalegt gildi og að góð tengsl milli barna og foreldra minnka líkur á að börn ánetjist vímuefnum. Aðgerðir opinberra aðila á sviði forvarna skipta einnig miklu máli og er ætlað að aðstoða foreldra í uppeldisstarfi sínu en þannig eröll stoðþjónusta bæjarins hugsuð.

Virkt foreldrastarf í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi barna er afar mikilægt og er þar að finna ríkan félagsauð. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum, ræða málin og bera saman bækur sínar.

Virk þátttaka og ábyrgð nærsamfélagsins, t.d. foreldrarólt, hefur gefið góðan árangur.

Til að auðvelda foreldrum að vera samtaka í uppeldi barna á Seltjarnarnesi er mikilvægt að tryggja gott aðgengi að upplýsingum, til dæmis um útivistartíma, skipulag íþrótt- og tómstundastarfs og hvert megi leita eftir stuðningi í uppeldismálum. Á Seltjarnarnesi gegnir félagsþjónustan lykilhlutverki í að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og tryggja að börn, sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu, fái aðstoð.

2. Jákvæð og sterk sjálfsmýnd, sjálfsvirðing og sjálfsagi

Eitt af því mikilvægasta í forvörnum er að styrkja sjálfsmýnd barna og ungmenna svo að þau verði sterkir einstaklingar og taki sjálfstæðar og skynsamlegar ákvarðanir. Sjálfsvirðing og sjálfsagi meðal barna og ungmenna hafa jákvæð áhrif á hegðun þeirra, líðan, námsárangur og tómstundapáttöku. Því ættu allir, sem umgangast börn og ungmenni, innan sem utan fjölskyldunnar, að leggja sitt af mörku til að efla þessa þætti. Rannsóknir hafa sýnt að



Því seinna sem ungmenni byrja að drekka áfengi þeim mun minni líkur eru á að þau verði fíkniefnum að bráð. Hvert ár skiptir máli. Gleymum ekki að kaup og neysla áfengis fyrir 20 ára aldur er bönnuð samkvæmt lögum.

3. Heilbrigðir lífshættir

Eitt meginmarkmið alls forvarnastarfs er að stuðla að því að börn og ungmenni tileinki sér heilbrigða lífshætti og heilbrigðan lífsstíl. Neysla áfengis, tóbaks, ofneysla lyfja og ólöglegra vímuefna hefur slæm áhrif á þroska, heilsu og líðan barna. Þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi er mjög mikilvæg í öllu forvarnastarfi. Á Seltjarnarnesi er aðstaða til að stunda fjölbreytt og krefjandi íþrótt- og tómstundastarf til fyrirmyndar.

4. Samfella í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi

Í forvarnavinnu er rík áhersla lögð á að hlúa vel að fjölskyldunni og skapa fjölskylduvænt umhverfi í bæjarfélaginu. Mikilvægur þáttur í því sambandi er að skapa börnum á grunnskólaaldri tækifæri til að sinna námi, íþróttum, listum og tómstundum í samfelli. Þá er átt við að börn geti farið beint eftir skóla í íþrótt- og/eða tómstundastarf. Þar af leiðandi verður vinnudagur þeirra styttri og fjölskyldan getur notið fleiri samverustunda. Undanfarnir ár hefur samvinna þeirra aðila, sem að þessum málum koma á Seltjarnarnesi, verið sérlega góð og hefur þeim tekist vel að samræma stundaskrár sín á milli og skapað þannig mikla ánægju meðal foreldra í bæjarfélaginu.



Mikilvæg skilaboð til foreldra

Því má ekki gleyma að foreldrahlutverkið er eitt það vandasamasta og mikilvægasta hlutverk sem við tökumst á við í lífinu. Hér fylgja því nokkur skilaboð sem er ætlað að vekja athygli foreldra á nokkrum mikilvægum þáttum varðandi uppeldi og velferð barna.

Í frumpörfum felst meðal annars:

- Að foreldrar hlúi vel að börnum sínum.
- Að foreldrar veiti börnum sínum næringu við hæfi.
- Að foreldrar tryggji börnum sínum nægan svefn og hvíld.
- Að foreldrar mæti reglulega með börn sín í ung-barnaeftirlit, skoðanir og greiningar ef með þarf.

Í tengslamyndun felst meðal annars:

- Að halda á barninu, faðma það, vera í augn-sambandi og veita því félagsskap.
- Að lesa fyrir það, hlæja með því og hugga það.
- Að tala við barnið, leika við það, hrósa því og dást að því.

Í ögun felst meðal annars:

- Að hafa daglegt líf í föstum skorðum, s.s. svefntíma og matartíma.

- Að setja reglur, fylgja þeim eftir og vera sjálfum sér samkvæmur.
- Að bregðast strax við óæskilegri hegðun barnsins og leiðbeina því.
- Að veita barninu jákvæða athygli og hrósa því fyrir það sem vel er gert.

Í öryggi felst meðal annars:

- Að foreldrar búi börnum sínum öruggar uppeldis-aðstæður.
- Að vera til staðar fyrir barnið.
- Að foreldrar viti hverja börnin umgangast og kynnist vinum þeirra.
- Að foreldrar tali saman og beri saman bækur sínar.
- Að foreldrar þekki staðreyndir um skaðsemi vímuefna, tóbaks, lyfja og áfengis.
- Að foreldrar þekki neyslueinkenni tóbaks, áfengis, lyfja og vímuefna.

Í umhyggju felst meðal annars:

- Að foreldrar eigi tíðar og ánægjulegar samveru-stundir með börnum sínum.
- Að hlusta á barnið og svara spurningum þess.
- Að ræða við barnið um samlíf og sambönd að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.



- Að foreldrar séu hreinskilnir og heiðarlegir varðandi eigin notkun á vímuefnum.
- Að foreldrar leiti strax utanaðkomandi aðstoðar telji þeir sig ekki ráða við vanda barns.

Í hvatningu felst meðal annars:

- Að hrósa fyrir það sem vel er gert.
- Að sýna námi barna sinna áhuga, aðstoða og hvetja þau til árangurs.
- Að sýna tómsendum barna sinna áhuga og hvetja þau til þátttöku.

Í leiðsögn felst meðal annars:

- Að vera börnunum góð fyrirmynd.
- Að gefa skýr skilaboð um afstöðu gegn neyslu barna á vímuefnum.
- Að ræða um mikilvægi hreyfingar og holls mataræðis.
- Að þjálf þau í að segja „nei“ við boðum um neyslu hvers kyns vímuefna.

Í virku eftirliti felst meðal annars:

- Að setja börnunum fáar, skýrar og einfaldar reglur og fylgja þeim vel eftir.

- Að fá tíðar og reglulegar upplýsingar um námsástundun barnsins.
- Að takmarka aðgang að Internetinu og bönnuðu efni í fjölmiðlum. Að setja börnum tímatakörk varðandi tölvunotkun og áhorf á myndmiðla.
- Að kenna barninu að virða útivistarreglur.
- Að spyrja barnið um hagi þess: Hvert ertu að fara? Með hverjum? Hvenær? Hvað ætlarðu að gera? Hvenær kemurðu til baka? Ef barnið venst þessum spurningum frá blautu barnsbeini mun það síður kippa sér upp við þær á unglingsárum.

Slakaðu á en slepptu ekki

– í því felst meðal annars:

- Að muna að börn eru börn fram til 18 ára aldurs.
- Að hafa í huga að eftir því sem börn eldast er rétt að slaka á en sleppa þó ekki.
- Að leggja vinnu í að viðhalda traustu sambandi foreldra og barna.
- Að muna að mikilvægt er að grípa strax inn í og leita aðstoðar ef ungmennið er í neyslu eða sýnir aðra áhættu hegðun.
- Að vera leiðbeinandi foreldrar og styðja ungmenni til að standa á eigin fótum.



Leiðir að markmiðum

Almennar forvarnir

Almennar forvarnir beinast að öllum börnum og ungmennum í bæjarfélaginu og fjölskyldum þeirra. Þær miða að því að skapa fjölskylduvænt umhverfi og búa börn og ungmenni sem best undir lífið. Almennar forvarnir stuðla meðal annars að heilbrigðum lífsháttum, vímuefnalausri æsku og þeim er ætlað að styrkja sjálfsmynd og siðferðisvitund barna og ungmenna. Sem dæmi um almennar forvarnir má nefna kennslu í lífsleikni í grunnskólanum.

Sértækar forvarnir

Sértækar forvarnir eru tímabundnar aðgerðir í forvarnamálum. Þær byggjast á niðurstöðum rannsókna og þekkingu þeirra fagaðila, stofnana og félaga sem koma að forvarnamálum í bæjarfélaginu. Sérstækar forvarnir beinast yfirleitt að tilteknum hópum barna og fjölskyldum þeirra. Þær miða að því að veita fræðslu og ráðgjöf eða koma upp nýjum meðferðarúrræðum vegna tiltekinna áhættuþátta í umhverfinu, svo sem neyslu vímuefna, offitu, eineltis eða brottfalls úr skóla. Sem dæmi um aðgerðir á sviði sérstakra forvarna má nefna átaksverkefni í leik- og grunnskólum um hollt mataræði, takmörkun eftirlitslausra samkvæma og foreldrarölt.



Forvarnastarf stofnana og félaga á Seltjarnarnesi

Leikskólar Seltjarnarness

Á Seltjarnarnesi eru starfandi tveir leikskólar, Sólbrekka og Mánabrekka. Gott leikskólastarf leggur grunninn að jákvæðri sjálfsmynd barna og í því felst forvarnagildi þess fyrst og fremst. Leikurinn er lífs-tjáning barnsins og er því mikilvægasta náms- og þroskaleið þess á leikskólaaldri. Leikskólarnir leggja einnig áherslu á gott mataræði og hreyfingu fyrir börnin.

Einkunnarorð leikskólans Sólbrekku eru „leikum og lærum“ eða lærum í gegnum leik. Á Sólbrekku er stuðst við SMT-skólafræni (School Management Training) sem er uppeldisaðferð sem felur í sér almennan og jákvæðan stuðning við hegðun barna í leikskólanum. Markmið aðferðarinnar er að skapa gott andrúmsloft í leikskólanum og tryggja öryggi og vellíðan þeirra sem þar dvelja. Áhersla er lögð á að umbuna börnum fyrir góða hegðun og að viðbrögð starfsfólks gagnvart hegðun barnanna séu samræmd. SMT-skólafræni er rauður þráður í öllu starfi leikskólans. Nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni www.seltjarnarnes.is/solbrekka.

Leikskólinn Mánabrekka er fjölmenninarglegur leikskóli þar sem bæði börn og kennarar koma víðs vegar að. Helstu áherslupættir Mánabrekku eru umhverfismennt og tónlist og er þeim fléttað inn í daglegt líf barnanna. Lögð er áhersla á að börnin upplifi fegurð náttúrunnar og hljóðheiminn í margbreytileika sínum og að þau séu hluti af þessari heild. Þannig læra börnin að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Með því að umbuna barni fyrir jákvæða hegðun er stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd og hamingjusömu barni í öruggu umhverfi. Undanfarin ár hafa nokkrir nemendur úr Valhúsaskóla komið í Mánabrekku og starfað þar um tíma undir leiðsögn leikskólakennara. Þetta er hluti af samvinnu- og forvarnastarfi skólanna og hefur gefist mjög vel. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni www.seltjarnarnes.is/manabrekka.

Grunnskóli Seltjarnarness

Í Grunnskóla Seltjarnarness er lögð áhersla á að nemendum líði vel. Skólinn gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að forvörnum, fræðslu og sjálfsstyrkingu



nemenda. Unnið er að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar þar sem sjálfsagi og sjálfstjórn eru lykilhugtök. Í skólanum fá nemendur fræðslu um skaðsemi vímuefna og aðra áhættuhegðun. Lífsleikni er kennd í öllum árgöngum en þar er markmiðið að börnin læri inn á tilfinningar sínar og líkama og verði ábyrg í samskiptum við aðra. Metnaðarfullt starfsfólk skólans vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið af sér neikvæðan, félagslegan þrýsting. Skólinn reynir að stuðla að því að nemendur sinni heilbrigðum áhugamálum og er í góðu samstarfi við stofnanir og félög bæjarins, svo sem Gróttu, félagsmiðstöðina og tónlistarskólann.

Í skólanum er starfandi nemendaverndarráð sem fundar tvisvar í mánuði og gegnir veigamiklu hlutverki í öllum forvörnum skólans. Í ráðinu sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, sálfræðingur, deildarstjóri sérkennslu, unglingaráðgjafi, æskulýðsfulltrúi, félagsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Hlutverk ráðsins er að fjalla um vanda einstakra nemenda og leita úrbóta fyrir þá. Einelti er ekki liðið og virk eineltisáætlun er í skólanum auk áætlunar um viðbrögð við

áföllum. Stoðþjónusta skólans sinnir nemendum sem þurfa stuðning í námi eða glíma við önnur vandamál. Nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni www.grunnskoli.is.

Tónlistarskóli Seltjarnarness

Í Tónlistarskóla Seltjarnarness fer fram blómlegt og gott starf sem stuðlar að velferð og vellíðan nemenda. Tónlistarnámið er sniðið að hverjum nemenda og kennt er á öll algengustu hljóðfæri. Þrjár aldursskiptar lúðrasveitir eru starfandi auk léttisveita og strengjasveita. Tónlistarskólinn leggur áherslu á gott samstarf við grunn- og leikskóla bæjarins sem og Íþróttafélagið Gróttu. Nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli.

Íþróttta- og tómsundaráð

Íþróttta- og tómsundaráð stuðlar með starfi sínu að aukinni og almenntri þátttöku ungs fólks í hvers konar íþróttta-, tómsunda- og æskulýðsstarfi. Ráðið leggur



áherslu á fjölbreytni tómstundastarfs sem og að list- og verknám verði aðgengilegt í bæjarfélaginu. Í nóvember 2008 var innleiddur svokallaður tómstundastyrkur en honum er ætlað að greiða að hluta fyrir íþrótt-, lista- og tómstundaiðkun barna á Seltjarnarnesi. Meginmarkmið styrksins er að styðja við fjölskyldur þannig að börnum og ungmönnum á Seltjarnarnesi verði auðveldað að sinna uppbyggilegu tómstundastarfi. Um leið er valfrelsi barna og ungmenna aukið, stuðlað að jöfnuði og fleirum er gert fært að stunda fleiri en eina grein í tómstundum sínum.

Íþróttafélagið Gróttá

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímu- vörnum og má segja að allt starf hennar sé í raun forvarnastarf. Rannsóknir sýna að þeim ungmönnum, sem eru virk í íþróttastarfi, reiðir betur af í námi og þau neyta síður vímuefna. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hefur mjög neikvæð áhrif á árangur í íþróttum. Íþróttafélagið Gróttá vill efla enn frekar forvarnagildi íþróttá með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu hvers kyns vímuefna í tengslum við íþróttir. Félagið sér þjálfurum, iðkendum og foreldr-

um fyrir fræðslu um áhrif áfengis, tóbaks, fíkniefna, lyfjanotkunar og mataræðis á börn og unglina. Að auki er Gróttá í nánú samstarfi við fagaðila sem sinna börnum og unglum og hefur samráð um einstaklinga í áhættuhópi. Nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni www.grottasport.is.

Félagsmiðstöðin Selið

Æskulýðsstarf er í eðli sínu forvarnastarf þar sem markvisst er unnið að aukinni þekkingu á umhverfi unglina og samfélagslegu hlutverki þeirra. Í því starfi er hægt að hafa áhrif á viðhorf og hegðun unglina og stuðla að því að þeir kjósi sér heilbrigðan lífsstíl.

Félagsmiðstöðin er staður fyrir unglina þar sem þeir koma saman, sinna áhugamálum sínum og deila skoðunum. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar er alltaf til staðar og veitir með því jákvætt aðhald. Unnin eru mörg forvarnaverkefni í gegnum leik og starf. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði og þannig leitast við að styrkja félagsproska, samskiptafærni, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði unglina. Unnið er með forvarnir í víðasta skilningi, má þar nefna fræðslu um áfengi, tóbak,



eiturlyf, tölvufíkn og átröskun. Forvarnafræðslan er unnin í gegnum hópastarf með unglingunum og er lögð áhersla á að virkja þá til skoðanaskipta. Selid heldur úti vefsíðu á slóðinni www.selid.is.

Foreldrafélagið

Meginmarkmið foreldrasamstarfs í Grunnskóla Seltjarnarness er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf, betri líðan nemenda og betri námsárangur. Með skipulögðu foreldrarölti, sem foreldrafélagið stendur fyrir, er unnið mikilvægt forvarnastarf. Þá taka foreldrar nemenda í þremur efstu bekkjum grunnskólans sig saman og rölta um bæinn á föstudags- og laugardagskvöldum allan veturinn og fylgjast með ferðum og hegðun unglinganna. Foreldrarnir geta gripið inn í ef þeir telja þörf á eða gert lögreglu viðvart.

Bekkjarfulltrúar gegna einnig mikilvægu hlutverki í að efla og styrkja samstarf foreldra, umsjónarkennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar sjá um að samræma reglur innan bekkjarins sem ná til þátta eins og útivistartíma, hvernig staðið er að

boðum í afmæli, hvaða tölvuleiki má spila, myndunar vindahópa og takmörkunar eftirlitslausra samkvæma.

Félagsþjónustan

Markmið almennra forvarna hjá félagsþjónustunni eru í fyrsta lagi að koma í veg fyrir vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna og unglinga. Í öðru lagi að leiðbeina og hjálpa einstaklingum sem sýna áhættuhegðun áður en þeir hljóta skaða af. Í þriðja lagi að koma í veg fyrir að aðrir hljóti skaða af athöfnum og hegðun þessara sömu einstaklinga.

Hjá félagsþjónustunni er starfandi unglingaráðgjafi sem sinnir ungmennum er til hans leita. Mikil áhersla er lögð á að unglingaráðgjafi sé aðgengilegur og hann geti tekið fljótt á vandamálum sem upp koma meðal nemenda. Einn kosturinn við nálægðina á Seltjarnarnesi er hversu fljótt er hægt að bregðast við málum sem upp koma og boðleiðir eru stuttar og góðar. Má segja að það hafi í sjálfu sér forvarnagildi þar sem mögulega er tekið fyrir á vandasömum málum en ella.



Ábyrgð á forvarnamálum hjá Seltjarnarnesbæ er hjá forvarnafulltrúa hjá Félagsþjónustu Seltjarnarness.

Heilsugæsla Seltjarnarness

Heilsugæslan býður upp á almenna ráðgjöf og fræðslu til þeirra sem til hennar leita. Skólaheilsugæsla sinnir síðan skipulagðri heilbrigðisfræðslu innan grunnskólans og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Öll tækifæri, sem gefast, eru nýtt til að fræða nemendur og vekja þá til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilbrigði. Foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf skólaheilsugæslunnar varðandi líðan og andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Seltjarnarneskirkja

Starf Seltjarnarneskirkju miðar að því að hlúa að samfélagi umhyggju og kærleika og lætur hún sér annt um að vernda mannlífið á ólíkum skeiðum þess. Þannig ber starfið vitni um hina kristnu von og kærleika og er kirkjan öllum opin. Seltjarnarneskirkja styður við heimilin og trúaruppeldi þeirra með fjölbreyttu barnastarfi, fermingarundirbúningi og

æskulýðsstarfi. Kirkjan álitur ógn vímuefna hryggilega og að það sé skylda okkar allra að standa vörð um líf og heilbrigði barna og ungmenna.

Sumarnámskeið Seltjarnarnesbæjar

Á sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 5-12 ára er lögð megináhersla á að þau öðlist aukna félags- og samskiptafærni í gegnum leik og starf. Unnið er með þessa lykilþætti í hópastarfi þar sem lífsgleðin er höfð að leiðarljósi. Farið er í þemavinnu, ferðir, útileiki og unnið við listsköpun.

Vinnuskólinn

Í vinnuskólanum er athyglinni beint að umhverfisfræðslu og umhverfisvitund. Þá er Jafningjafræðslan með forvarnafræðslu á hverju sumri en hugmyndafræðin á bak við hana er að „ungur fræðir unga“. Í vinnuhópunum er svo meðal annars rætt um heilbriggt líferni og gagnkvæma virðingu.





SELTJARNARNESBÆR

